



Alþingi
Erindi nr. P 123/360
komudagur 2.12.198

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 1998

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 39/1988, lögum nr. 3/1987 og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., mál nr. 279.
Tilv:98110028

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Bændasamtök Íslands telja jákvætt að sett sé hámarksgjald á bifreiðagjald. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þennan hluta frumvarpsins.


Breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldskrá þungaskatts hækki á árinu 1999 um 5,6%. Þetta er meiri hækkun en nemur verðlagshækkunum, jafnvel þó tillit sé tekið til þess að fyrri hluti hækkunarinnar hefði átt að koma til framkvæmda um mitt þetta ár. Bændasamtökin leggja áherslu á að álögum á mikilvæga rekstrarþætti er snúa að þjónustu við landsbyggðina sé stillt í hof og telja þessa hækkun of mikla. Verði þessari hækkun veitt út í verðlagið mun það leiða til hærra vöruverðs og þá fyrst og fremst úti á landi.

Þá er í frumvarpinu ekki gert ráð fyrir að gerð verði nokkur breyting á föstu gjaldi þungaskatts á bifreiðar og flutningstæki með leyfðri heildarþyngd 14 tonn og yfir. Bændasamtökin hafa þegar sent greinargerð um þetta mál til fjármálaráðuneytisins þar sem þess er óskað að þessari gjaldtöku verði hætt, eða henni a.m.k. breytt þannig að álögur á þær vörubifreiðar sem lítið er ekið og sumum aldrei með heildarþyngd sem nemur 14 tonnum, verði ekki óhóflegar. Þessar kröfur eru endurteknar hér í þeirri von að sem fyrst komi niðurstaða í þetta mál.

Breytingu úr 30 dögum í 15 daga í 5. gr. telja Bændasamtökin vera til bóta svo langt sem það nær. Í mörgum tilfellum er um langan veg fyrir bændur að fara á næstu skráningarstofu og því misjafnt hve þessi heimild nýtist.

Breyting á lögum nr. 29/1993. Bændasamtökin gera ekki athugasemdir við þennan hluta frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðmundur Stefánsson